

248. fundur haldinn 6. júní 2016 á skrifstofu LSS í Brautarholti 30, kl. 13:30

Mættir: SP, LB, ÁÐ, NP, JP, PA og VLF

1. Fundargerð síðasta fundar

sp

2. Inntaka nýrra félaga

Engar umsóknir

3. Starfið milli funda

Heimsókn til Slökkviliðs Borgarbyggðar

Heimsókn til Slökkviliðs Akureyrar

Heimsókn á Neyðarlínuna

Gengið frá Stofnanasamningi við HSU og HSN

Unnið við frágang á blaði LSS

Trúnaðarmannanámsskeið í Brautarholtinu, 12 manns sóttu námskeiðið

Úthlutað úr Styrktarsjóði

Samið um aukahækkun hjá Isavia

Aðalfundur BSRB

Þrýst á vinnu við bókanir

4. Upplýsingar um starf fagdeilda

Fagdeild slökkviliðsmanna.

Búið er að halda tvo stjórnarfundir.

Umræður um stöðuna og viðskilnað. Skortur er á gögnum frá fyrrv. stjórn fagdeildar.

Magnús Þórarinnsson ætlar að skoða þrekprófsmál í Svíþjóð. Hlynur er að skoða þau mál á Evrusvæðinu.

Umræður um skólaráð. Umræður um 5 á bíl.

Einar Örn kom á fund fagdeildar varðandi þingsamþykkt. Fagd. mun vinna að því með honum. Umræða um málið. Suðurnes, Landhelgisgæslan, samvinna við alla aðila, fagleg uppbygging, gæti leitt til þess að ná fram einingum fyrir slökkviliðsmenntun.

BI og BV komu á fund fagd. Til að ræða mál varðandi krabba og rannsóknir.

Slökkvistarf í jarðgöngum: Á Studiodögum var áhugaverður fyrirlestur frá einstaklingi sem lenti í eld í jarðgöngum.

Óska þarf eftir gögnum frá fyrrv stjórn.

Ákveðið að setja formlega á nefnd um slökkviðlismenn og krabbamein. Semja erindisbréf.

BI og BV verða í nefndinni.

Pétur formaður fagdeildar slökkviliðsstjóra.

Umræður um framtíð deildarinnar.

Upplýst um nýjar reglur varðandi meirapróf. Reglurnar ná ekki yfir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Neyðarakstursréttindi / forgangsakstur, spurning um að fá aukna fræðslu og menntun um forgangsakstur, athuga með sérnámskeið og fá staðfestingu í ökuskýrteini.

Fagdeild sjúkraflutningamanna

Umræður um skólamál og menntun. Nýta þingsamþykktirnar. Starfsemi Sjúkraflutninga-skólans. Æskilegt væri að hann yrði sjálfstæður og á föstum fjárlögum. Ráða þarf fleiri starfsmenn og þeir jafnvel staðsettir utan Akureyrar. Reyna að upplýsingar um hversu mikið fjármagn er ætlað til skólans.

Umræður um nýhafna söfnun vegna kennslubifreiðar.

Endurnýjun Vinnuferla er hafið, 4 aðilar eru að vinna í ákveðnum hluta.

Umræður um ráðstefnu um utanspítalaþjónustu sem NP sótti á vegum LSS.

Þriggja daga ráðstefna í Köben, fyrsta sameiginlega ráðstefna aðila.

Hún verður haldin aftur að ári, allt á ensku. Stefnt á að LSS sækji þetta í framtíðinni.

Áberandi var að allir aðilar sem koma að málinu, vilja fá meiri samvinnu.

EMS today, umræður um að LSS fari í hópferð á það í framtíðinni.

Vinna við rafræn sjúkraskrá í sjúkraflutningum er komin af stað.

5. **Stofnanasamningar hjá HSU og HSN**

Lokið var við undirritun fyrsta stofnanasamnings við HSN í síðustu viku. Áður var til samningur við HSP.

6. **Staðan á þingsamþykktum**

Allar þingsamþykktir hafa verið sendar út til rétttra aðila og vinna hafin við þær.

7. **Sameiginleg björgunarmiðstöð**

Einar Örn Jónsson kom á fundinn undir lið 4 og fór yfir þingsamþykkt um *“fræðslu og þjálfunaraðstöðu fyrir slysavarna- og viðbragðsaðila”*. Búið er að stofna nefnd um framgang málsins.

8. **Fulltrúaráðsfundur í október, dagsetning og efni**

Fudnurinn verður 19. október kl. 13:30. Stefnt á að fá fyrirlestra frá þeim aðilum sem eru að sækja erlendar ráðstefnur á vegum LSS. Fyrir hádegi verður fyrirlestur um einelti sem hluti af Trúnaðarmaðurinn II.

9. **Fulltrúi LSS í EUFFA**

Evrópsk samtök landssambands slökkviliðsmanna. Í stjórninni sitja formenn aðildarféлага. Samþykkt að Lárus St. Björnsson varaformaður taki sæti í stjórninni fyrir hönd LSS.

10. **Kaup á orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu**

Stefnt að því að kaupa íbúð á höfuðborgarsvæðinu og standsetja hana fyrir 1. maí 2017.

11. **Bréf um fækkun hjá SHS**

Umræður um tilkynningu um fækkun stafamanna vegna fjárskorts.

12. **Áætluð ferð BI og BV í okt. til Edmonton**

Í athugun er að BI og BV leiti sér upplýsinga og fræðslu um krabbamein.

13. **Önnur mál**

-**sumarleyfi starfsfólks** skrifstofan verður lokuð 11.7 – 5.8.

-**lögfræðikostnaður** Samþykkt að styrkja GB um allt að 100.000kr.

-**styrkveiting til ekkju lögreglumanns**. Samþykkt að leita til Styrktarsjóðs með 100.000 kr.

-**Tryggingasjóður** búið að skipa í nefndina en ekki boðað til fundar

-**Krabbameinsnefnd** Ákveðið að setja formlega á nefnd um slökkviðlismenn og krabbamein. Semja erindisbréf. BI og BV verða í nefndinni.

-**stjórnarmenn** verði sýnilegri t.d. með greinaskrifum.

-uppgjör við fyrrv. formann. Umræður.

-fyrirspurn um greiðslur v fundarsetu við kjarasamningsgerð. –uppgert.

Námsstefna Umræður um að halda námsstefnu næsta vor.

Heilsufræðingur býðst til að gera **ranssókn á heilsu** félaagsmanna. Ákveðið að funda með honum.

Orlofsmál. Leita eftir afslætti fyrir félagsmenn á vel búin tjaldstæði.

Fleira ekki gert.